



Nafn		Kennitala
Heimili		Sveitarfélag

## Upplýsingar um fasteign

Staðsetning eignar		Byggingarstig í árslok (sjá skýringar)	Tegund byggingar	
Fastanúmer eignar	Bygging hófst eða hvenær keypt		<input type="checkbox"/> Íbúðarhúsnæði til eigin nota	<input type="checkbox"/> Íbúðarhúsnæði annað
			<input type="checkbox"/> Sumarbústaður	<input type="checkbox"/> Annað, hvað
-----				

## Sundurliðun kostnaðar ársins

1	Kaupverð lóðar eða húsnæðis í smíðum			+
2	Aðkeypt vinna og þjónusta samkvæmt innsendum launamiðum			+
3	Keypt byggingarefni og annar kostnaður			+
4	Eigin vinna og gjafavinna (sjá skýringar á bakhlið)			
4a Aukavinna við eigin íbúð				
	Fjöldi klst.	@	kr.	
	Fjöldi klst.	@	kr.	+
4b Önnur eigin vinna og gjafavinna				
	Fjöldi klst.	@	kr.	
	Fjöldi klst.	@	kr.	+
5	Endurgreiðsla virðisaukaskatts			-
6	Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði með öðrum (sjá skýringar hér að neðan)			+
BYGGINGARKOSTNAÐUR ALLS Á ÁRINU (SAMTALA ÚR LIÐUM 1-6)				=
7	Heildarkostnaður frá fyrra ári			+
8	Lækkun vegna söluhagnaðar			-
STOFNKOSTNAÐUR SAMTALS				=

## Skýringar á hlutdeild í sameiginlegum kostnaði með öðrum, skv. lið 6


Dagsetning

Undirskrift

Ef fasteignamat húss og lóðar liggur fyrir skal færa það í tölulið 4.1 á framtali, annars skal það fært til eignar á kostnaðarverði (sjá nánari skýringar á bakhlið).

## SKÝRINGAR

**Byggingarstig í árslok:** Hér skal tilgreina byggingarstig í árslok, þ. e. grunnur, fokhelt, tilbúið undir tréverk, íbúðarhæft en ekki fullgert, fullgert. Ef framangreind lýsing nægir ekki skal tilgreina hvað er umfram, t.d. fokhelt með gleri og tengdum ofnum, múrverk hafið.

**Aðkeypt vinna og þjónusta:** Hér undir getur t.d. fallið kostnaður vegna trésmíði, múrverks, pípulagna, raflagna, málunar og teikninga.

**Keypt byggingarefni og annar kostnaður:** Það sem getur fallið undir þennan lið er t.d. steypa, timbur, gler, þakefni, hurðir, gluggar, hreinlætistæki, og innréttingar. Einnig færast hér t.d. gatnagerðargjald, heimæðagjald og skipulagsgjald.

**Eigin vinna og gjafavinna:** Í lið 4a skal tilgreina aukavinnu sem eigandi leggur fram utan venjulegs vinnutíma við byggingu íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Vinna manns við eigin íbúð utan venjulegs vinnutíma er skattfrjáls ef hann uppfyllir eftirgreind tvö atriði:

- a) að hafa unnið fullan vinnutíma við hið eiginlega starf sitt og
- b) skilað eðlilegum árstekjum af því.

Í lið 4b skal tilgreina skattskylda eigin vinnu við íbúðarhúsnæði til eigin nota, unna í venjulegum vinnutíma, svo og alla aðra skattskylda vinnu eiganda við húsbýggingu, svo sem við íbúðarhúsnæði sem ekki er ætlað til eigin nota, sumarbústaði o.þ.h. Enn fremur verðmæti skiptivinnu í sambandi við eigin húsbýggingu. **Þessar upphæðir ber að telja til tekna í lið 2.3 í ótölusettum reit á framtali.**

Ríkisskattstjóri hefur metið til verðs eignaauka sem stafar af eigin vinnu sem lögð var fram á árinu 2015 sem hér segir:

Eigin vinna ófaglærðs manns 1.370 kr. pr. klst.

Eigin vinna faglærðs manns við iðngrein sína 1.709 kr. pr. klst., en 1.370 kr. pr. klst. þegar unnin eru önnur störf.

Ofangreindar viðmiðunartölur eru fyrst og fremst til leiðbeiningar sem almennt mat er víkja má frá ef ástæða er til. Eigin vinnu við atvinnurekstrarhúsnæði skal tilgreina hér en fjárhæðina ber að telja til tekna á rekstrarreikningi.

**Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði:** Ef framteljandi greiðir hluta af sameiginlegum kostnaði með öðrum, sem tengist þeirri húsbýggingu sem skýrslan er gerð um, skal sá kostnaður tilgreindur í skýringarsvæði neðst á blaðinu og hlutur framteljanda færður í lið 6. Það getur t.d. átt við kostnað við lóðaframkvæmdir, byggingu bílskylis og aðrar sameiginlegar framkvæmdir.

**Stofnkostnaður:** Ef fasteignamat húss og lóðar liggur fyrir skal færa það í tölu lið 4.1 á framtali, annars skal húsnæði fært til eignar á kostnaðarverði, þ.e. „Stofnkostnaður samtals“.

Hafi mannvirki, sem enn er í byggingu, verið metið til fasteignamats á ákveðnu byggingarstigi, skal færa það til eignar í lið 4.1 á framtali á því fasteignamati að viðbættum byggingarkostnaði sem til hefur fallið eftir að fasteignamat var gert og til ársloka 2015.

**Lækkun vegna söluhagnaðar:** Hafi maður selt íbúðarhúsnæði á árinu 2015 með skattskyldum söluhagnaði skal færa þá fjárhæð í lið 8 og kemur sú fjárhæð til lækkunar á stofnkostnaði. Á sama hátt skal færa frestaðan skattskyldan söluhagnað eða hluta hans frá árunum 2013 eða 2014.